



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í  
GARÐABÆ 7. FUNDUR Á VORÖNN 2017  
MIÐVIKUDAGINN 19. APRÍL KL.13:15**

**1. Bréf o.fl. erindi.**

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

Úrsögn úr námi:

Einn nemandi segir sig frá námi.

Önnur bréf.

Undanþága frá stærðfræði til stúdentsprófs á listnámsbraut skráð og samþykkt af skólameistara.

**2. Félagslíf og fjármál NFFG**

Kosning til starfa í nemendafélaginu verður á miðvikudaginn 26. apríl og niðurstaðan kynnt í smiðjutíma daginn eftir. Nffg ætlar að halda lokaball fimmtudaginn 27. apríl.

**Önnur mál**

15 af 63 liðum sem tóku þátt í frumkvöðlakeppni komust áfram í lokakeppnina og þar af eru tvö frá FG. Úrslitakeppnin verður 26. apríl í HR.

Fundinn sátu:

Anna Jeeves fulltrúi kennara  
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara  
Elísabet Siemsen skólameistari  
Freymar Örn Ómarsson fulltrúi NFFG  
Guðmundur Stefán Gíslason  
Petrún B. Jónsdóttir forvarnafulltrúi  
Selma Rós Axelsdóttir forseti NFFG  
Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi